

## 6. Fundur stýrihóps þann 27. mars 2018

Mættir: Hörður Svavarsson, Guðbjörg Oddný Jónasdóttir, Svava Björg Mörk, Fanney Dóróthe Halldórsdóttir og Jenný D. Gunnarsdóttir sem ritaði fundargerð.

Spurning um að stýrihópur hittist þann 3ja apríl nk og klári 6 tíma tillögurnar og verði með þær tilbúinar fyrir næsta fund í starfshópnum.

Næstu fundir verða þannig að stýrihópur hittist þann 10. apríl , 17 apríl er fundur starfshóps og 24. apríl er fundur stýrihóps og svo loks þann 2. maí verður lokafundur í starfshópnum. Jenný boðar

Starfshópur komi 2. maí og þá líkur hópurinn störfum boða til fundar kl. 10. Boða á eftir.

Stefnt verður að því að lokaskýrslan verði tilbúin þann 2. maí.

Hópurinn fór yfir erindisbréfið til þess að athuga hvort allir liðir hafi ekki verið teknir fyrir.

4. liður þess hefur lítið verið ræddur þ.e. sá liður sem fjallar um stærð barnahópa. Hópurinn ræðir um hvort ekki skuli endurreikna barngildin líkt og Reykjavíkurborg hefur lagt til fyrir 2 elstu árgangana. Að 5 ára barn 1 barngildi þ.e. 8 börn gefi eitt stöðugildi og 4 ára barn 1,1, þ.e. 7 börn gefi eitt stöðugildi (Skýrsla starfshóps um nýliðun og bætt starfsumhverfi leikskólakennara í Reykjavík, 2018).

Berglind mannauðsstjóri kom inn á fundinn kl. 11

Hún upplýsti hópinn um að hún hafi fengið gögn frá tilraunaverkefni Reykjavíkur um styttingu vinnuvikunnar. Hefur heyrt reglulega í mannauðsstjóranum og sat ráðstefnu á þeirra vegum þegar kynnt var skýrsla sem gefin var út vegna tiraunaverkefnis. Stýrihópur stóð á bak við framkvæmdina, fylgdist ma með mælingum varðandi hreyfingu í málaskrá, fylgdist með símtölum og mónitoraði starfsmannaveltu. Örar viðhorfskannanir voru gerðar á meðan á tilraunaverkefninu stóð. Mjög mikill tími fór í undirbúning. Hingað til hefur verkefnið leitt til þess að starfsánægja hefur aukist og dregið hefur úr veikindum.

Þar sem það var ánægja með verkefnið eins og t.d. leikskólinn Hof þá er það metið þannig að það sér erfitt að taka af þeim stofnunum og hefur fólk jafnvel von um að þetta fari inn í kjarasamninga. Þar hefur verkefnið gert mikið fyrir þau, er sölupunktur og er að draga að umsóknir.

Þær mælingar sem hafa komið fram eru allar jákvæðar nema frá Laugardagslaug.

Hvað varðar Hafnarfjörð þá nefdi Berglind það að það er einungis hún og Haraldur Eggertsson sem starfi að mannauðsmálum en til samanburðar eru það 40 manns sem vinna við það hjá borginni.

Berglind lagði til að þetta verði ekki onað í fyrstu atrennu nema fyrir fáum stofnunum. Þetta gekk t.a.m. ekki upp í Laugardagslaug því það er vaktavinnustaður og þau bökkuðu út úr verkefninu vegna þess að engin aukaafleysing kom inn.

Ef auglýst yrði eftir skólum í verkefnið myndu líklega margir sækjast eftir því. Best er að leggja fyrir fræðsluráð og svo tæki Fanney boltann og síðar myndi hópurinn koma tillögur. Stefnt að því að vera komin með verklag um næstu áramót??? En fá leyfi til þess að skipa starfshóp strax eftir sveitarstjórnarkostningarnar í vor.